

1862.  
2. júním. stjórnin, eptir því sem ástatt er, ekki hefir neitt á móti því, að beiðandanum sé veitt 5 rdl. þóknun á ári í því skyni, sem að ofan er getið, og að þetta sé talið frá 1. janúarm. þ. á.

21. júním. **37. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um ferðastyrk handa Halldóri skólakennara Friðrikssyni til að stunda þjóðversku.**

Í framhaldi bréfs hëðan 15. febrúarmán. þ. á. skal yður til vitundar gefið, að stjórnarráðið hefir enn fremur veitt Halldóri Kr. Friðrikssyni, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, 300 ríkisdala styrk til að ferðast hëðan til Þjóðverjalands til að læra betur þýzka tungu, og að fë þetta verður borgað honum úr aðalféhirzlu ríkisins hër í bænum.

11. júlím. **38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um sölu á Melkotstúni, er var eign Reykjavíkur bæjar.**

Dómsmálastjórnin leggur hër með samþykki sitt á sölu þá, er fram fór 7. maím. 1860, á túni, er var eign Reykjavíkur-bæjar, til Bernhöfts bakara í Reykjavík með þeim kjörum, sem tilgreind eru í uppboðsskilmálum þeim, er hingað voru sendir með bréfi 26. aprílm. þ. á. Þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess þer auglýsið það, svo sem þörf er á<sup>1</sup>.

1) Uppboðsskilmálar þeir, sem getið er í bréfi þessu, eru þannig hljóðandi:

»Skilmálar

fyrir sölunni á Melkotstúninu 7. maím. 1860.

„1. Túnið selst með áskildu samþykki stjórnarinnar til fullkominnar eignar og frjálstra umráða gegn ævarandi árgjaldi til „Reykjavíkur bæjarsjóðs í álnatali, sem borgist í peningum eptir „hvers árs verðlagsskrár meðalverði allra meðalverða, sem gildir „í gjalddaga.

### 39. Bréf dómstjórinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um danska þýðing á réttarprófi.

1862.  
11. júlím.

Í bréfi 3. marzm. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, spurt

„2. Ef þörf skyldi verða á fyrir Reykjavíkurbæ að láta út „vísa byggingarstæði á því selda túni, skal eigandi skyldur að sleppa „svo miklu af því, sem þarf, mót afslætti í afgjaldinu eptir óvil- „hallra manna mati, en byggingarnefndin skal skera úr, hvort þörf „sé á slíkri útvísun á túninu, og hvað mikið skuli af því taka í „hvert skipti.

„3. Reykjavíkurbæ áskilst forkaupsréttur að túninu í hvert „skipti, er eigandi þess vill selja öðrum það.

„4. Undan kaupinu er áskilið, og fylgir ekki með í sölunni, „löd sú, sem eiganda bæjarins Melkots er út mæld, samkvæmt „útmæling 21. júním. 1839, 20 álnir frá vestri til austurs og 70 „álnir frá suðri til norðurs; svo skal og sá, sem býr í bænum „Melkoti, hafa frian gang að vatnsbólínu (lindinni) þar fyrir neðan „og afnot þess; svo er og undan skilið tréhlið það og trægirðingar, „sem nú eru kring um túnið, sem tilheyrir hinum fyrri leiguliða, „og hefr hann rétt til að taka það burtu, nema öðruvísi semjst „við kaupandann.

„5. Ársgjaldið greiðist til bæjarsjóðsins innan útgöngu árs- „ins fyrir hvert ár, í fyrsta skipti fyrir árið 1860, innan næstkom- „andi nýjárs. Reykjavíkurbæjarsjóður á sama rétt til áfallinnar „leigu eður ársgjalds eins og landsdrottinn að lögum á til afgjalds „af jörð sinni, og hvílir gjaldið á túninu sem stöðug eignarbyrði; „hafi eigandi ekki greitt ársgjaldið innan marzmanaðar loka fyrir „hið umliðna ár, fellur túnið til baka til bæjarsjóðsins, án þess að „kaupandi hafi rétt til endurgjalds fyrir verð þess, og skal kaup- „andi skyldur að hirða og rækta hið selda tún, svo að það sé „nægilegt veð fyrir afgjaldinu; svo skal hann og skyldur að leita „samþykkis bæjarstjórnarinnar ef hann vill nota sér það öðruvísi „en rækta það sem tún; gjöri hann það ekki, fellur bletturinn apt- „ur til bæjarins án endurgjalds.

„6. Hvort hæsta boð verði samþykkt er komið undir því, „hvort bæjarstjórninni lizt að leita samþykkis stjórnarinnar þar um, „og stjórnin veitir slíkt samþykki. Verði hæsta boð ekki sam- „þykkt til fullkominnar eignar og umráða, gildir það þó fyrir leigu „á túninu frá uppboðsdegi til næstu fardaga eptir að hæstbjóðanda „er gjörð visbending þar um, en verði það samþykkt til eignar, „er eignar- og umráðarétt hans að telja frá uppboðsdegi.

„7. Kaupandi skal skyldur að gjalda alþingistoll og öll önnur

1862.  
11. júlím.

um, hvort þér megid greiða úr jafnaðarsjóði vesturumdæmisins borgun þá, að upphæð 3 rdl. 48 sk., sem Jón Thóroddsen, fyrrum sýslumaður í Barðastrandarsýslu, nú í Borgarfjarðarsýslu, hefir krafizt fyrir það, að hann hafði snúið á dönsku eptir fyrirmælum amtsins réttarprófi, er áður hafði verið hingað sent, um sjálfsmorð það, er Ólafur Ólafsson á Kvíendisdal framdi árið 1859; svo hafid þér og spurt um, hvort það sè amtmaður eður sýslumaður, sem, þegar svona stendur á, sè skyldur til að láta slíkar þýðingar af hendi ókeyppis, ef ekki megi borga þær úr jafnaðarsjóðnum.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefid, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Jóni sýslumanni Thóroddsen, að honum ber ekki nein borgun fyrir þýðing þá, sem hér er um rætt, með því svo ber að álíta, að það sè embættis skylda sýslumanna, þegar eins er ástatt og hér, og amtmaður æskir þess, að annast um danska þýðing á skjölunum, án þess þeir fái nokkra borgun fyrir.

Þar sem sjá má af bréfi amtsins 28. febrúarm. þ. á., að Thóroddsen sýslumanni 21. desemberm. 1859 hefir verið boðið að þýða á danska tungu próf það, sem áður er getið, en að hann eigi hefir sent amtmani þýðinguna fyrri en með bréfi dags. 2. janúarm. síðast liðna (2. janúarm. 1862) og að hann þannig hefir haft hér um bil 2 ár til þessa lítilfjörlega starfa, þá eruð þér beðnir að gefa honum áminning fyrir ótilhlýðilegan drátt hans á máli þessu.

11. júlím. **40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa dannebrogsmanni.**

Stjórn hinna konunglegu heiðursmerkja hefir skýrt dómsmálastjórninni frá, að hans hátign konungurinn hafi með allra-

„gjöld, sem eptir nú gildandi eða seinna lögleiddum lögum hvila „eða verða lögð á fasteignir í landinu“.

Síðan segir í uppboðsgjörðinni, að uppboð hafi farið fram, og að bakameistari D. Bernhöft í Reykjavík hafi orðið hestbjóðandi, en boð hans hafi verið 110 álnir; hafi hann fengið hamarshögg upp á væntanlegt samþykki samkvæmt skilmálunum.